

Reykjavík, 14. mars 2024

## Miðstræti 8B – Fyrirspurn stigahús og svalir - USK24030011

Lögð fram fyrirspurn Ólafar Flygenring, dags. 1. mars 2024, ásamt bréfi, ódags., um að reisa stigahús við suðurgafli hússins á lóð nr. 8B við Miðstræti og setja svalir á allar hæðir/íbúðir hússins, samkvæmt skissum Ólafar Flygenring, dags. í febrúar 2024.



Loftmynd, Borgarvefsjá 2023



Miðstræti 8B, skjáskot af ja.is 2023

### Skipulag í gildi

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er lóðin með skilgreinda landnotkun íbúðarbyggð (Íb). Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið.

### Umsögn

Miðstræti 8 B er tvílyft portbyggt hús á steiptum kjallara reist árið 1903. Ein íbúð er á hverri hæð auk íbúðar í risi. Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að heimila svalir og stigahús samanber fyrirspurn. Breytingarnar verða að vera gerðar í upprunalegum stíl hússins.

Öll hús sem eru byggð fyrir 1940 eru umsagnarskyldar þegar kemur að byggingarleyfisskyldum framkvæmdum. Vegna aldur hússins er gerð krafa um að minjastofnun geri umsögn um málið.

### Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið samanber umsögn hér að ofan. Liggja þarf fyrir umsögn minjastofnunar. Erindið verður grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða ef umsókn um byggingarleyfi berst.

*Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.*

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri